

Lítanían

Hvað er lítanía?

Ungur guðfræðingur spurði mig fyrir fáum árum: Hvað er lítanía? Hann hafði séð auglýsingu frá kirkju um messu á föstudaginn langa og þar var tekið fram að lítanían yrði sungin en vissi ekki hvað lítanía væri. Við ræddum spurninguna og samtál okkar vakti áhuga minn á að kynna nánar hvað lítanía væri bæði fyrir sjálfum mér og öðrum.

Föstuguðsþjónustur

Í mínu ungdæmi voru föstuguðsþjónustur haldnar í Reykjavík og víðar á landinu. Þær fóru fram á miðvikudagskvöldum lönguföstu samkvæmt hefð sem bæði er lögð í Kirkjuskipan Kristjáns III. 1537 og dansk-norska kirkjurítúalinu frá 1685. Í föstuguðsþjónustum var lítanían gjarnan sungin. Oftast var það lítanía séra Bjarna Þorsteinssonar. Sem barn sótti ég föstuguðsþjónustur með foreldrum mínum ýmist í Hallgrímskirkju, Fríkirkjunni eða Dómkirkjunni. Í Dómkirkjunni og Fríkirkjunni var sungin lítanía Bjarna en í Hallgrímskirkju söng séra Jakob Jónsson (1904–1989) lítaníu með gregorsku lagi sem var tekin úr Bænabók séra Sigurðar Pálssonar.¹ Í sumum kirkjum var sunginn sami víxlsöngur og fluttur var í upphafi messu um föstuna samkvæmt Helgisiðabók 1934 enda er í leiðbeiningum um föstuguðsþjónustu í þeirri bók lagt til að sá víxlsöngur sé sunginn eftir prédikun.² Á föstudaginn langa var lítanían víða sungin og oftast lítanía séra Bjarna og mun það enn tíðkast í nokkrum kirkjum á Íslandi.

Lítanía

Orðið lítanía er grískt og merkir bæn eða ákall. Það hefur aldrei verið þýtt á íslensku heldur, líkt og kollekta, verið aðlagð íslenskum rithætti og beygingarkerfi íslenskunnar. Orðið kemur ekki fyrir í Ritningunni en kom snemma í notkun innan kirkjunnar þar sem það var notað um sérstaka víxlesna bænagjörð þar sem bornar eru fram bænir og áköll og þeim svarað með stuttum svörum svo sem „Drottinn, miskunna þú oss,“ „Frelsa oss, Drottinn“, „Hjálpa oss, Drottinn“ eða „Bænheyr oss, Drottinn“. Fyrirmynd bæna af því tagi er að finna í ákveðnum sálmum í Saltaranum (t.d. Slm 136) og í „Lofsöng ungmennanna í eldsofnum“ í Viðaukum við Daniélsbók í Apókrýfu bókum Gamla testamentisins. Lítaníur eru mikið notað bænarform í guðsþjónustu Austurkirkjunnar þar sem prestur eða djákni ber fram bænir en söfnuður svarar með ákallinu „Kyrie eleison“,

¹ Sigurður Pálsson, *Bænabók*, Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja, 1947, bls. 99–104.

² *Helgisiðabók þjóðkirkjunnar*, Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja, 1934, bls. 37–39, sbr. bls. 48–49. Sjá Ásmundur Guðmundsson og Baldur Andrésson, „Föstuguðsþjónustur á virkum dögum.“ *Prestafélagsritið*, 1926, 8. árg. bls. 162–166; í framhaldi greinarinnar er „Föstutón“ út frá Jesaja 53 við tónlist eftir Carl Heinrich Graun (1704–1759) og lagt til að það sé sungið í upphafi föstuguðsþjónustu, sbr. *Helgisiðabók* 1934, bls. 38.

„Drottinn, miskunna þú“. Í Vesturkirkjunni fengu lítaníur snemma á sig iðrunar- eða yfirbótarblæ og voru fyrst og fremst sungnar á yfirbótar- og bænadögum og um föstuna. Lítaníur tengdust ekki síst bænahaldi á „gangdögum“ sem voru ákveðnir bænadagar, sérstaklega mánudag, þriðjudag og miðvikudag fyrir uppstigningardag. Þá voru gengnar skrúðgöngur eða prósessíur og sungnar lítaníur og myndaðist ákveðinn átrúnaður á þeim sið og var hann talinn stuðla að því að friða og sefa Guð og þátttakendum var heitið aflátum. Gangdagurinn mikli var 25. apríl sem einnig er dagur Markúsar guðspjallamanns, Markúsarmessa. Það var upphaflega heitið hátíð sem hafði verið haldin í Róm með helgigöngum en var klædd í kristilegan búning eftir að kristnin varð ríkistrú í Rómaveldi 381. Í fyrstu var gengið milli kirkna í Róm og lítanía sungin. Siðurinn breiddist út frá Róm ekki síst fyrir tilstuðlan Gregoríusar páfa mikla (d. 604) og var farið í prósessíur og lítanía sungin. Af þeim sökum var gangdagurinn mikli nefndur *litania major* eða lítanía mikla.³ Eins var lítanía sungin fyrstu dagana í nóvember, kringum allra heilagra messu 1. nóvember. Áköllum til dýrlinga var skeytt inn í lítaníuna og því var lítanía oft nefnd lítanía heilagra (*litania sanctorum*). Nokkrar fleiri lítaníur voru til en *litania sanctorum* var sú upprunalegasta. Bygging hennar er á þessa leið:

1. Miskunnarbæn (Kyrie) og ákall til heilagrar þrenningar.
2. Áköll (*invocationes*) til dýrlinganna.
3. Bænir og áköll (*invocationes*) til Krists. Þau eru tvönn konar. Annars vegar eru bænir um hlífð og vernd gegn böli og þjáningum og er hverju ákalli svarað með bæninni „frelsa oss“. Hins vegar eru áköll þar sem atriði úr lífi Jesú eru dregin fram til minningar og Jesús beðinn um að frelsa fyrir þau eða sakir þeirra: „Sakir fæðingar þinnar ... o.s.frv. og svarað með ákallinu: Frelsa oss, Drottinn“.
4. Fyrirbænir (*supplicationes*).
5. Niðurlag sem geymir m.a. Guðs lamb, Faðir vor og bænir (kollektur).⁴

Lítanía Lúthers

Lítanía tengdist yfirbótarkerfi kirkjunnar á miðöldum og þátttakendum í göngum þar sem lítanía var sungin var heitið aflátum. Siðbótarmenn gagnrýndu yfirbótarkerfið og settu sig þess vegna á móti göngum og bænahaldi sem ætti að veita fólki aflát. Flestir siðbótarmenn vildu láta lítaníuna fara sömu leið og annað sem tengdist yfirbótarkerfinu og fella hana niður úr helgihaldi. Þar var Lúther á annarri skoðun og taldi lítaníuna kröftuga bæn og 1529 gaf hann út lítaníuna bæði á latínu og þýsku.⁵ Um það leyti olli framsókn Tyrkja miklum áhyggjum meðal fólks og hugsaði Lúther lítaníuna sem bæna-gjörð um vernd fyrir þeirri ógn. Uppistaðan í lítaníu Lúthers er *litania sanctorum* en öll dýrlingaáköll eru felld niður og formið þar að auki einfaldað. Lúther gerir ráð fyrir að hún sé sungin af tveimur kórum og flutt í kirkjum á virkum dögum, einkum miðvikudaga og föstudaga og jafnvel á sunnudögum í messunni, sérstaklega um föstuna. Hann hélt hinni latnesku tónlist við latnesku lítaníuna en samdi sjálfur tónlist við þýsku lítaníuna enda áleit

³ Luther Reed, *The Lutheran Liturgy*, Philadelphia: Fortress Press, 1959, bls. 623–638; Árni Björnsson, *Saga daganna*, Reykjavík: Mál og menning, 2000, bls. 81–89; Þorsteinn Sæmundsson, *Stjörnufræði — Rímfræði*, Reykjavík: Menningarsjóður, 1972, bls. 118. Sjá og <http://www.newadvent.org/cathen/09286a.htm> (sótt 24.5.2014).

⁴ Texta *Litania sanctorum* má finna á <http://www.preces-latinae.org/thesaurus/Sancti/LitSanctorum.html>.

⁵ Marcus Jenny, *Luthers geistliche Lieder und Kirchengesänge. Vollständige Neuedition in Ergänzung zu Band 35 der Weimarer Ausgabe*, Köln-Wien: Böhlau Verlag, 1985, bls. 101–105 og textar ásamt tónlist bls. 250–263. Sjá og Luther Reed 1959, bls. 627–638.

hann að það ætti ekki að syngja latneska tónlist við þýska texta. Lítanía Lúthers byggist á *litania sanctorum* og er uppbyggð á þennan hátt:

1. Miskunnarbæn (Kyrie) og áköll til heilagrar þrenningar en áköllin til dýrlinganna eru felld niður.
2. Bænir og áköll til Krists (*invocationes*).
3. Fyrirbænir (*supplicationes*).
4. Niðurlag sem geymir Guðs lamb, Faðir vor og bænir (kollektur). Í latnesku lítaníunni eru fimm bænir en í þeirri þýsku fjórar og allar teknar úr *litania sanctorum* þar sem eru fleiri kollektur.

Lítanía Lúthers er talin til sálma hans og hefur verið í lútherskum sálmabókum til þessa dags og hér á landi allt til 1801.

Lítanía á Íslandi

Lítanía Lúthers var þýdd á dönsku þegar árið 1533 og athyglisvert að þar var hún tónsett eins og hin latneska lítanía og reglum Lúthers um að syngja ekki latneska tónlist við texta sem væru þýddir á móðurmál m.ö.o. ekki fylgt.⁶ Í Ordinansíunni 1537 segir að lítaníu megi syngja í messunni eftir prédikun „ef svo krefur almennileg nauðsyn“.⁷ Gísli Jónsson þýddi lítaníuna úr dönsku og birtist hún í sálmakveri hans 1558. Guðbrandur lét þýða hana að nýju og tók upp í Sálmabók 1589 en án tónsetningar. Lítanía var líka útgefin í Grallaranum 1594 og þá með nótum og var hún ætluð til flutnings í messu á bænadögum. Þar segir: „Eftir prédikun skulu tvö ungmenni syngja lítaníuna og skulu prestarnir halda fólkinu að svara þar til.“ Í framhaldinu er lítanía sett upp fyrir tvo kóra samkvæmt leiðbeiningum Lúthers en ekki tekið fram um hlutverkaskiptingu milli ungmennanna og kóranna. Lagið er latneska lagið við lítaníuna en ekki lag Lúthers við þýsku lítaníuna og fer Guðbrandur þar eftir því sem hafði tíðkast í Danmörku frá 1533. Lokabænirnar fylgja líka danskri hefð. Sú fyrsta er um fyrirgefningu syndanna og byggist á fyrstu kollektu Lúthers, önnur er fyrir konungi og ríkisráðinu og sú þriðja er um frið. Sú bæn er forn að uppruna og var meðal lokabæna í *litania sanctorum* þó að Lúther hafi hana ekki með í sinni lítaníu.⁸ Hún var hins vegar í dönsku lítaníunni og tekur Guðbrandur hana þaðan.⁹ Lítanía var uppsett með sama hætti í öllum útgáfum Grallarans. Hinn almenni bænadagur, sem Íslendingar kölluðu kóngsbænadag, var innleiddur 1685 og samkvæmt ákvæðum í danska kirkjurítúalínu frá 1685 skyldi þann dag syngja lítaníuna við guðsþjónustu. Þar segir að lítanía skuli sungin af þremur ungmendum en kórinn eigi að svara.¹⁰ Þá var bætt við sérstakri lokabæn fyrir föstuna. Í útgáfum Grallarans eftir 1685 segir eins og í kirkjurítúalínu um flutning lítaníunnar að eftir prédikun skuli tvö eða þrjú ungmenni syngja lítaníuna en samt sem áður er hún áfram sett upp eins og Guðbrandur hafði gert í fyrstu útgáfu Grallarans 1594 sem víxlsöngur milli tveggja kóra en hinni nýju lokabæn fyrir föstuna er bætt við.¹¹ Í Grallaranum er sérstaklega tekið fram að á útkirkjum þar sem

⁶ Sjá *Malmö Salmebogen 1533*, Faksimileedition. Malmö: AB Malmö Ljustrycksanstalt, bls. lxxxvii–lxxxv; sjá og A. Malling 1963, *Dansk salmehistorie III*, Köbenhavn: J.H.Schultz Forlag, bls. 233–242.

⁷ *Íslenskt fornbréfasafn X*, bls. 135.

⁸ L. Reed 1959, bls. 447.

⁹ *Den danske Psalmebog med mange Christelige Psalmer* ordentlig tilsammenset, formeret og forbedret aff Hans Thomissøn. Kiöbenhaffn 1569 (Faksimile udgave Köbenhavn 1968), bls. 246–251.

¹⁰ *Danmarks og Norgis Kirkeritual 1685–1985*, Skarild (Konvent for Kirke og Theologi), bls. 22–25.

¹¹ Það er hugsanlegt að lítanía hafi orðið víxlsöngur milli prests og safnaðar og prestur hafi tónað það sem fyrsta kór var ætlað að syngja en söfnuður sungið hluta annars kórs.

söfnuðir séu fáir megi í stað lítaníunnar syngja sálminn „Tak frá oss, sæti Herra“ sem er þýddur úr dönsku sálmabókinni frá 1569 þar sem hún hefur yfirskriftina „Aufer a nobis Domine“.¹² Það er forn prósessúsöngur sunginn á yfirbótar- og bænadögum og stundum nefndur litla lítanían.¹³

Eftir að sögu Grallarans lauk með útgáfu messusöngs- og sálmabókar 1801 hvarf lítanían úr sálmabókum á Íslandi og var ekki gefin út fyrr en séra Bjarni Þorsteinsson gekk frá texta hennar með útgáfu sinni að hátíðasöngvunum 1899. Lítanían er ekki prentuð í Helgisiðabók 1910 en hins vegar er í Helgisiðabók 1934 stutt lítanía sem er ætluð til flutnings við guðsþjónustu á skírdag og föstudaginn langa og tekið fram að í stað hennar megi syngja lítaníu séra Bjarna Þorsteinssonar.¹⁴ Sigfús Einarsson setti tónlist við víxlsöngvana úr Helgisiðabók 1934 og gaf út¹⁵ en í messusöngvum hans er lítanían í Helgisiðabókinni ekki tónsett. Mér er heldur ekki kunnugt um hvort nokkurt annað tónskáld en Bjarni Þorsteinsson hafi samið lag við lítaníuna. Lítanían er ekki í Handbók 1981.

Eins og áður sagði var lítanían oft sungin eftir prédikun í föstuguðsþjónustum og oftast nær lítanía séra Bjarna. Útgáfa séra Sigurðar Pálssonar í Bænabókinni 1947 var útgáfu á lítaníu Lúthers í Grallaranum með nótum.¹⁶ Á Akureyri var lítanían sungin um tíma á föstunni við sænska tónlist.¹⁷ Texti þeirrar lítaníu er samsettur. Í upphafi er texti lítaníunnar úr Helgisiðabók 1934¹⁸ en í seinni hlutanum er textinn úr Grallaranum eða útgáfu séra Sigurðar Pálssonar í Bænabók 1947. Einar Sigurbjörnsson þýddi lítaníu Lúthers að nýju og gaf út 2004 og er sú útgáfa án nótna.¹⁹ Þá er til í handriti þýðing Helga Hálfðánarsonar á lítaníu Lúthers og hefur hann hugsanlega ætlað hana fyrir útgáfu Sálmabókar 1886 þótt ekki yrði úr því.²⁰

Lítanía Bjarna Þorsteinssonar

Þegar séra Bjarni Þorsteinsson prestur á Siglufirði gaf út Hátíðasöngvana 1899 fylgdi hann útgáfu frumvarps til nýrrar handbókar sem handbókarnefnd þjóðkirkjunnar gaf út árið 1897.²¹ Í frumvarpinu var engin tillaga að lítaníu. Hann saknaði þess að nefndin tók ekki lítaníuna saman og gerði það því sjálfur samkvæmt því sem hann segir í bréfi til dr. Valtýs Guðmundssonar frá árinu 1899:

¹² *Den danske Psalmebog* 1569, bls. 255–256.

¹³ Sjá S. Widding, *Danske Messe, Tide og Psalmesang 1528–1573*. Vol. II Psalmesangen, bls. 97 og 202; Páll Eggert Ólason 1924, *Uppþök sálma og sálmalaga í lútherskum sið á Íslandi*. Reykjavík (Fylgirit Árbókar Háskóla Íslands), bls. 175.

¹⁴ *Helgisiðabók íslensku þjóðkirkjunnar* 1934, bls. 26–29. Sú lítanía styðst greinilega við styttra form lítaníunnar í sænsku helgisiðabókinni frá 1917, *Handbok för svenska kyrkan*, Stockholm: Svenska kyrkans diakonistyrelses bokförlag, bls. 79–82.

¹⁵ Sigfús Einarsson, *Messusöngvar*. Reykjavík: Prestafélag Íslands, 1934.

¹⁶ Sigurður Pálsson, *Bænabók*. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja, 1947, bls. 99–104.

¹⁷ Upplýsingar frá Birni Steinari Sólbergssyni, fyrrum organista Akureyrarkirkju.

¹⁸ *Helgisiðabók íslensku þjóðkirkjunnar* 1934, bls. 27–29.

¹⁹ Einar Sigurbjörnsson, *Föstu- og páskabókín*. Reykjavík: Skálholtsútgáfan, 2004, bls. 26–28. Sjá og *Lofa þú Drottin, sála mín. Tíðagjörð* 2005, bls. 162–163.

²⁰ Sjá Lbs 2836, 4to (Sálmabókarnefnd 1878).

²¹ Bjarni Þorsteinsson, *Íslensþætur hátíðasöngur*, Kaupmannahöfn: S.L. Möller, 1899, bls. 29–34. Heiti frumvarpsins 1897 er: *Frumvarp til endurskoðaðrar handbókar fyrir presta á Íslandi og til breytinga á kirkjuritúalinu*. Reykjavík.

Lítaníuna hafði handbókarnefndin ekki tekið upp í frumvarp sitt, svo þann texta hef ég sjálfur búið til, því lítaníunni vildi ég ómögulega sleppa; sendi ég biskupi þann texta til yfirlestrar og samþykkis, áður en hann var prentaður. Er það mín meining, að lítanían verði brúkuð fyrir (eða eftir) prédikun á föstudaginn langa.²²

Lítanía Bjarna Þorsteinssonar er mjög stytt útgáfa af lítaníu Lúthers og miðast áköllin aðallega við andlega neyð en fyrirbænum um tímanleg efni er fækkað. Lítanían hefst á miskunnarbæn til heilagrar þrenningar sem kór syngur. Síðan fylgja áköll í víxlsöng milli prests og kórs. Prestur tónar ákallið og kórinn svarar hverju ákalli með bæninni: „Bænheyr þú oss, Drottinn Guð.“ Þá koma áköll sem kórinn ber fram en presturinn svarar með bæninni: „Frelsa oss, Drottinn Guð.“ Að skipta þarna hlutverkum er óeðlilegt og hefði verið eðlilegra að halda formi lítaníunnar óbreyttu sem víxlsöngs milli prests og safnaðar (kórs). Þó að Lúther geri ráð fyrir að lítanían sé flutt af tveimur kórum og lítanían sett upp með sama hætti bæði í Sálmaabók Guðbrands og í Grallaranum heldur hvor kór sínu hlutverki og ber annar kórinn fram bænirnar og áköllin en hinn kórinn svarar. Lítanía séra Bjarna endar á hefðbundinn hátt á Guðs lamb og bænaáköllum og niðurlagið er tónbæn eða kollekta. Sú kollekta virðist samin af séra Bjarna sjálfum en styðst við þá kollektu Lúthers sem var fyrsta lokabæn lítaníunnar í Grallaranum.

Bjarni Þorsteinsson gengur út frá lítaníu Lúthers í Grallaranum. Í útgáfu sinni á lítaníunni tekur hann burt nær allar fyrirbætur um tímanleg efni en gefur henni fyrst og fremst iðrunar- og yfirbótartæla með fyrirbænum um andleg málefni. Þessi endurskoðun hans byggist á þróun sem hafði orðið í Danmörku á 19. öld. Sálmaabók upplýsingarstefnunnar sem út kom í Danmörku 1798 og var fyrirmynd íslensku sálmaabókarinnar 1801 felldi lítaníuna niður en margir söknuðu hennar og var henni haldið á nokkrum stöðum.²³ Tónskáldin C.E.F. Weyse (1774–1842) og A.P. Berggren (1801–1880) höfðu tekið saman lítaníur og er texti beggja fyrst og fremst syndajátning og bæn um andlegar þarfir.²⁴ Bjarni tekur meira efni úr lítaníu Lúthers og færir í skrautlegan tónlistarbúning sem gerir miklar kröfur til flytjenda, ekki síst prestsins sem einsöngvara.

Lokaorð

Lítanía er sérstakt bænarmform sem er fornt að uppruna og felst í að flutt er röð bæna og ákalla og þeim svarað með svörum svo sem „Frelsa oss, Drottinn“, „Hjálpa oss, Drottinn“ eða „Bænheyr oss, Drottinn“. Á miðöldum tengdust lítaníur yfirbótarkerfi kirkjunnar sem siðbótin gagnrýndi. Lúther hélt hins vegar upp á lítaníuna sem bænarmform og útbjó árið 1529 lítaníu bæði á latínu til notkunar í skólum og í dómkirkjum og á þýsku til notkunar í sóknarkirkjunum. Lítaníuna átti að syngja á sérstökum bænadögum þegar einhver neyð væri uppi og eins um föstuna. Lítanía Lúthers var þýdd á íslensku á 16. öld og notuð á ákveðnum tilskipuðum dögum allt til loka 18. aldar. Tónskáldið séra Bjarni Þorsteinsson endurskoðaði lítaníuna, einfaldaði texta hennar og færði í nýjan tónlistar-

²² Ingólfur Kristjánsson, *Ómar frá tónskáldsævi. Aldarminning prófessors Bjarna Þorsteinssonar, prests og tónskálds í Siglufirði*. Siglufirði, 1961, bls. 98. Sjá og Viðar Hreinsson, *Bjarni Þorsteinsson. Eldbugi við ysta haf*, Reykjavík: Veröld, 2011, bls. 245–253. Að tengja lítaníuna föstudeginum langa sérstaklega var síður sem kom frá Danmörku Sjá Sören Sörensen, *Kirkens liturgi*, Köbenhavn: Munksgaard, 1952, bls. 88. Um hátíðasöngvana sjá og Einar Sigurbjörnsson, *Embattisgjörð*, 2. útg. Reykjavík: Guðfræðistofnun, 2012, bls. 268–274.

²³ Jørgen Kjærgaard *Salmehåndbog II: Salmekommentar til salmerne i Den danske salmebog 2002*. Köbenhavn: Det Kgl. Vajsenhus' Forlag, 2003, bls. 422.

²⁴ *Salmebog for Kirke og Hjem*, Köbenhavn: Det kgl. Vajsenhus' Forlag, 1897, nr. 219 og 220. Thomas Laub (1852–1927) samdi lítaníu árið 1922 sem er í núgildandi dönsku sálmaabókinni nr. 432.

búning sem reynir mikið bæði á prest (forsöngvara) og kór. Lengi fram eftir 20. öldinni var lítanían sungin við föstuguðsþjónustur á miðvikudögum föstunnar og á föstudaginn langa og enn er algengt að lítanían sé sungin á föstudaginn langa. Auk lítaníu séra Bjarna var á Akureyri flutt lítanía við lag Lúthers og endurskoðuð lítanía við sænskt lag en sá siður hefur nú lagst niður og lítanían hefur ekki verið sungin þar í nokkur ár. Lítanía séra Bjarna er erfið og gerir miklar kröfur til tónlistarfólks. Það er spurning hvort það væri ekki verðugt verkefni fyrir kirkjutónlistarmann að gefa út lítaníu séra Bjarna í nýrri útsetningu fyrir tvo kóra að hætti Lúthers!